

Mál nr. 5

Knattspyrnudeild Umf. Stjórnunnar gegn Fimleikafélagi Hafnarfjarðar

Kæra

Knattspyrnudeild Umf. Stjórnunnar kærir hér með leik Fimleikafélags Hafnarfjarðar (FH) og Umf. Stjórnunnar í meistaraflokki karla í 15. umferð í 1. deild karla, en leikurinn var háður í Kaplakrika, Hafnarfirði, fimmtudaginn 26. ágúst 1999 kl. 18:00. Lárus L. Blöndal hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík fer með mál þetta f.h. kæranda.

Dómkröfur

Hinum kærða leik lauk með jafntefli 1-1. Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógilt og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0-3.

Málsatvik

Þann 26. ágúst 1999 léku FH og Stjarnan í meistaraflokki karla í 15. umferð 1.deildar karla og lauk leiknum með jafntefli 1-1 eins og áður er fram komið. Eftir skoðun á leikskýrslu telur kærandi kærða hafa haft á að skipa ólöglegu liði og þannig eigi að dæma kæranda sigur í leiknum, skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Á leikskýrslu kemur fram að leikmaðurinn nr. 3 hjá FH er Jón Gunnar Gunnarsson, kt. 250375-3289. Jafnframt er að finna á leikskýrslu að leikmaður nr. 11 hjá FH hafi verið hinn sami Jón Gunnar Gunnarsson, kt. 250375-3289. 11 leikmenn hófu leikinn fyrir hið kærða félag. Telur kærandi að hið kærða félag hafi með þessu framferði sínu brotið gegn reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og að óumdeilt verði að telja að hið kærða félag hafi haft á að skipa ólöglegu liði í umræddum leik þar sem aðeins 10 af 11 leikmönnum í byrjunarliði félagsins voru á leikskýrslu. Kærandi veit fyrir víst að sá aðili sem ekki var tilgreindur í 11 manna byrjunarliðinu var heldur ekki tilgreindur sem varamaður á leikskýrslu. Hins vegar er ekki með vissu vitað hver leikmaðurinn var en þó telur kærandi að það hafi verið Jónas Grani Garðarsson, kt. 150373-5149.

Lagarök

Varðandi lagarök vísar kærandi til greinar 2.3.2.1 reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en þar stendur: “Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik.....(!)”

Varðandi refsíákvæði vísar kærandi til greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem segir: “Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.”

Varðandi varnarþing er vísað til greina 4.1.2.b og 4.2.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Framlögð skjöl:

Kærandi leggur fram eftirgreind skjöl:

1. Kæru þessa
2. Afrit leikskýrslu
3. Útprintun úr þjóðskrá.

Áskilnaður

Kærandi áskilur sér rétt til að rökstyðja mál sitt frekar á síðari stigum málsins, leggja fram frekari gögn, leiða vitni og krefjast munnlegs flutnings fyrir dómstólnum ef hann telur ástæðu til.

F.h. Umf. Stjórnunnar,

Lárus L. Blöndal hrl.

Greinargerð FH

Greinargerð knattspyrnudeildar Fimleikafélags Hafnarfjarðar vegna kæru knattspyrnudeildar UMF. Stjórnunnar á leik FH og Stjórnunnar í meistaraflokki karla 15. umferð 1.deildar. Leikurinn fór fram á heimavelli FH, í Kaplakrika fimmtudaginn 26. ágúst sl. kl.18:00.

Dómkröfur

FH krefst sýknu af kröfum Stjórnunnar og þar með að úrslit leiksins verði látin standa.

Málsatvik og málsástæður

Málsatvikum er um sumt rétt lýst í kæru Stjórnunnar. Þar er réttilega bent á að sami leikmaður, Jón Gunnar Gunnarsson, kt. 250375-3289, er skráður í tvígang á leikskýrsluna sem leikmaður nr. 3 og nr. 11. Í málsatvikalýsingu Stjórnunnar kemur fram að þeir telji Jónas Grana Garðarsson, kt. 150373-5149, hafa leikið umræddan leik. Glöggskyggni Stjórnunnar er viðbrugðið því eins og Stjarnan telur þá lék Jónas Grani umræddan leik. Jafnframt tóku Stjörnumenn eftir því að Jónas Grani var heldur ekki tilgreindur meðal varamanna FH. Virðingarvert er hversu vel Stjörnumenn fara yfir leikskýrslur eftir leik því ekki dettur FH í hug að ætla að Stjarnan hafi séð þessi mistök þegar þeir skoðuðu leikmannahóp FH fyrir leikinn. Við teljum hins vegar að þeir hefðu átt að benda nágrönnum sínum á þessi mistök en ekki kæra úrslit leiksins.

Þegar FH uppgötvaði þessi mistök sendi félagið samstundis leiðréttingu til KSÍ, sbr. meðfylgjandi bréf (skjal nr. 5), en þar kemur fram að við gerð skýrslunnar hafi verið gerð mistök. Jón Gunnar Gunnarsson hafi verið skráður sem leikmaður nr. 3 og 11 en hið rétta hafi verið að Jónas Grani hafi verið leikmaður nr. 11 og Jón Gunnar nr. 3.

Það að tilgreina Jónas Grana ekki meðal fyrstu 11 leikmanna og heldur ekki meðal varamanna sýnir að hér urðu FH á mannleg mistök við gerð leikskýrslunnar. Fyrir liggur að umræddur leikmaður hefur verið fastamaður í byrjunarliði FH í allt sumar. Jafnframt er ljóst að hann var ekki í leikbanni í þessum leik og því var ekkert sem hamlaði þátttöku hans í leiknum enda er hann hlutgengur með FH.

FH byggir kröfu sína um sýknu á því að umræddur leikmaður geti ekki talist ólöglegur í skilningi greinar 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Lið FH var ekki ólöglega skipað í þessum leik. Umræddur leikmaður, Jónas Grani, var og er löglegur leikmaður með FH og hann var ekki í leikbanni. Af hálfu kærandar er vísað til þess að FH hafi brotið grein 2.3.2 nefndrar reglugerðar og með því að rita skýrsluna eins og gert var hafi félagið þegar af þeirri ástæðu teflt fram ólöglegu liði. Hér virðist sem hæstvirtur fyrirsvarsmaður Stjórnunnar nái sér hátt á flug í lögskýringum sínum. Algerlega er óhugsandi að lið verði ólöglega skipað fyrir það eitt að leikskýrsla er ranglega útfyllt. Hér má vel hugsa sér að föðurnafn leikmanns sé ranglega ritað eða

bara kennitala. Samkvæmt túlkun kæranda ber í tilvikum sem þessum að dæma leik tapaðan 3-0.

Við skoðun og túlkun á grein 4.4 má augljóslega sjá hvað henni er ætlað að fyrirbyggja. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að félag tefli fram leikmanni sem ekki hefur leikheimild með liðinu t.d. vegna þess að hann hefur ekki enn skipt um félag eða tími sá sem líða þarf þar til hann verði löglegur er ekki liðinn. Jafnframt er greinin sett til að koma í veg fyrir að félag noti leikmann, þjálfara eða forystumann sem dæmdir hafa verið í keppnisbann. Allir sæmilega glöggir lögmenn ættu að sjá að lögskýring kæranda er út í hött. Ljóst er að andi reglugerðarinnar er ekki sá að refsfa félagi fyrir ranga skýrslu með 3-0 tapi á leik. Við skoðun á 4. kafla reglugerðarinnar má sjá að refsing fyrir minniháttarbrott er greiðsla sektar til KSÍ. Hér verður heldur ekki hjá því komist að vitna til anda íþróttanna í heild en markmið félaga á að vera að sigra í kappleikjum en ekki reyna að vinna sigur vegna þess að andstæðingurinn hefur gert einhver smávægileg mistök varðandi formsreglur. Hverjum manni má vera ljóst að FH hafði engan hag af því að fylla leikskýrsluna út eins og gert var og þar með augljóst að um ásetningsbrott var ekki að ræða.

Rétt þykir að geta þess sem umhugsunaratriði fyrir dóminn að sennilega er ekki heimild í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til að refsfa fyrir brott sem þetta þegar fyrir liggur að liðið var ekki ólöglega skipað. Telja verður að í 4. kafla (mótmæli, kærur, viðurlög og sektir) reglugerðarinnar séu tæmandi talin þau atvik sem refsfa má fyrir og röng útfylling leikskýrslu er ekki þar á meðal. Einnig þykir FH rétt að benda á að við túlkun á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ber einungis að fara eftir reglum KSÍ og ÍSÍ en reglur í alþjóðlegri knattspyrnu koma ekki til skoðunar.

Um áskilnað kæranda

Svo virðist sem kærandi haldi opnum möguleikum til að koma að frekari gögnum, rökstuðningi og vitnum. Af hálfu FH er litið svo á að kærandi hafi þegar komið öllum málsástæðum sínum að og er öllum nýjum málsástæðum mótmælt sem of seint fram komnum.

Með vísan til 7. tl. 7. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ telur FH að mál þetta skuli skriflega flutt og þar með sé það þegar tækt til dóms eins og það nú liggur fyrir.

Að endingu þykir FH rétt að benda á niðurlagsákvæði a. liðar greinar 2.2 í dóms- og refsíákvæðum fyrir ÍSÍ en þar kemur m.a. fram að það sé refsivert að kæra félag innan íþróttahreyfingarinnar að ástæðulausu, en FH þykir kæra Stjórnunnar ekki bara röng heldur einnig að hún sé fullkomlega ástæðulaus og óíþróttamannsleg.

FH leggur fram eftirtalin skjöl:

Nr. 4, greinargerð þessa.

Nr. 5, afrit bréfs FH til KSÍ.

Áskilnaður

FH áskilur sér rétt til að flytja mál sitt munnlega ákveði hinn virðulegi dómur að svo skuli með málið fara. Jafnframt áskilur FH sér rétt til að spyrja þau vitni sem Stjarnan hefur áskilið sér að leiða verði fallist á slíka beiðni. Loks áskilur FH sér rétt til að rökstyðja mál sitt, málsástæður og tilvitnuð laga- og reglugerðaákvæði.

Hafnarfirði 1. september 1999
F.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar, knattspyrnudeildar
Viðar Halldórsson

Úrskurður knattspyrnudómstóls Reykjaness

Mánudaginn 6. september 1999 kom knattspyrnudómstóll Reykjaness saman kl. 13:00 á skrifstofu KSÍ Laugardal, 104 Reykjavík, og tók fyrir mál nr. 1/1999., Umf. Stjarnan, knattspyrnudeild gegn FH, knattspyrnudeild og var kveðinn upp svofelldur dómur:

Kærandi kærir leik liðanna í meistaraflokki karla í 15. umferð 1. deildar karla, sem fram fór fimmtudaginn 26. ágúst 1999, kl. 18:00, Kaplakrika, Hafnarfirði og lauk með jafntefli 1-1.

Dómkröfur kæranda

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógilt og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0-3. Kærandi byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirfarandi: “Eftir skoðun á leikskýrslu telur kærandi kærða hafa haft á að skipa ólöglegu liði þannig að dæma eigi kæranda sigur í leiknum,....”.

Á leikskýrslu kemur fram að leikmaður nr. 3 hjá FH er Jón Gunnar Gunnarsson, kt.250375-3289. Jafnframt er að finna á leikskýrslu að leikmaður nr. 11 hjá FH hafi verið hinn sami Jón Gunnar Gunnarsson, kt. 250375-3289. 11 leikmenn hófu leikinn fyrir hið kærða félag. Telur kærandi að hið kærða félag hafi með þessu framferði sínu brotið gegn reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og að óumdeilt verði að telja að hið kærða félag hafi haft á að skipa ólöglegu liði í umræddum leik þar sem aðeins 10 af 11 leikmönnum í byrjunarliði félagsins voru á leikskýrslu. Kærandi veit fyrir víst að sá aðili sem ekki var tilgreindur í 11 manna byrjunarliði var heldur ekki tilgreindur sem varamaður á leikskýrslu. Hins vegar er ekki með vissu vitað hver leikmaðurinn var en þó telur kærandi að það hafi verið Jónas Grani Garðarsson, kt. 150373-5149.

Lagarök kæranda

Vísað er til greinar 2.3.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Varðandi refsíákvæði er vísað til greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um varnarþing er vísað til greina 4.1.2.b og 4.2.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (dskj. nr. 1).

Dómkröfur kærða

FH krefst sýknu af kröfum Stjórnunnar og þar með að úrslit leiksins verði látin standa. Kærði byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirfarandi: “Málsatvikum er um sumt rétt lýst í kæru Stjórnunnar. Þar er réttilega bent á að sami leikmaður, Jón Gunnar Gunnarsson, kt. 250375-3289 er skráður í tvígang á leikskýrsluna sem leikmaður nr. 3 og nr. 11. Í málsatvikalýsingu Stjórnunnar kemur fram að þeir telji Jónas Grana Garðarsson, kt. 150373-5149 hafa leikið umræddan leik. Glöggskyggni Stjórnunnar er viðbrugðið því eins og Stjarnan telur þá lék Jónas Grani umræddan leik. Jafnframt tóku Stjórnnumenn eftir því að Jónas Grani var heldur ekki tilgreindur meðal varamanna FH.”.....

“Þegar FH uppgötvaði þessi mistök sendi félagið samstundis leiðréttingu til KSÍ sbr. meðfylgjandi bréf (skjal nr. 5) en þar kemur fram að við gerð skýrslunnar hafi verið gerð mistök. Jón Gunnar hafi verið skráður sem leikmaður nr. 3 og 11 en hið rétta

hafi verið að Jónas Grani hafi verið leikmaður nr. 11 og Jón Gunnar nr. 3.”.....

“Fyrir liggur að umræddur leikmaður hefur verið fastamaður í byrjunarliði FH í allt sumar. Jafnframt er ljóst að hann var ekki í leikbanni í þessum leik og því var ekkert sem hamlaði þátttöku hans í leiknum enda er hann hlutgengur með FH.”.....

(dskj. nr. 3)

Lagarök kærða

Vísað er til 7. tl. 7. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ og niðurlagsákvæðis a. liðar 2. tl. 2. gr. í dóms- og refsíákvæðum fyrir ÍSÍ.

Álit dómansins

Af gögnum málsins verður ráðið að nafn Jóns Gunnars Gunnarssonar, kt. 250375-3289 var tvískráð á leikskýrslu, nr. 3 og nr. 11, vegna mistaka forráðamanna kærða, (dskj. nr. 2).

Það er óumdeilt í máli þessu, að Jón Gunnar lék umræddan leik sem aðalmaður í treyju nr. 3 og að Jónas Grani Garðarsson, kt. 150373-5149 lék leikinn sem aðalmaður í treyju nr. 11, án þess að vera skráður á leikskýrslu.

Það er álit dómansins að þar sem að Jón Gunnar Gunnarsson lék umræddan leik sem aðalmaður nr. 3, þá leiði það til þess að hann getur ekki hafa leikið sem aðalmaður nr. 11 með liði sínu. Tvískráning nafns hans á leikskýrslu með ofangreindum hætti hefur því ekki þýðingu eins og mál þetta er vaxið. Á leikskýrsluna voru aðeins skráð nöfn 15 einstaklinga en ekki 16, eins og heimilt er. Mistök forráðamanna kærða að tvískrá nafn Jóns Gunnars Gunnarssonar sem aðalmanns á leikskýrslu verður ekki talið leiða til þess að lið kærða verði ólöglega skipað skv. greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Samkvæmt þessu ber að fallast á dómkröfu kærða.

Dómsorð

Úrslit leiks Stjórnunnar og FH í meistaraflokki karla 15. umferð 1. deildar karla í knattspyrnu, sem fram fór fimmtudaginn 26. ágúst 1999, kl.18:00, í Kaplakrika, Hafnarfirði, skulu standa óbreytt, 1-1.

Halldór Frímansson

Ásbjörn Jónsson

Kári Gunnlaugsson

Áfrýjun Stjórnunnar

I. Tilgreining dómansins og dómsorðs

Með vísan til 9. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga KSÍ og 4. hluta reglugerða KSÍ um knattspyrnumót, er dómi knattspyrnudómstóls Reykjaness í kærumáli nr. 1/1999: Umf. Stjarnan gegn FH, hér með áfrýjað til dómstóls KSÍ, sambandsdómstigs knattspyrnuhreyfingarinnar.

Dómsorð hins áfrýjaða dómans er svohljóðandi: “Úrslit leiks Stjórnunnar og FH í meistaraflokki karla 15. umferð 1. deildar karla í knattspyrnu, sem fram fór

fimmtudaginn 26. ágúst 1999, kl. 18.00, Kaplakrika, Hafnarfirði, skulu standa óbreytt 1-1.”

II. Dómkröfur

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógilt og að Umf. Stjórnunni verði dæmdur sigur í leiknum 0-3.

II. Málsatvik og málsástæður

Þann 26. ágúst 1999 kl. 18:00 léku FH og Stjarnan í meistaraflokki karla í 15. umferð 1. deildar karla og lauk leiknum með jafntefli 1-1.

Þann 27. ágúst 1999 var óskað eftir leikskýrslu leiksins frá KSÍ, til þess að kanna hverjir hefðu fengið gult spjald af leikmönnum Stjórnunnar. Kom þá í ljós, að á leikskýrslu var nafn Jóns Gunnar Gunnarssonar, kt. 250375-3289, tvískráð á leikskýrsluna. Jón Gunnar Gunnarsson var skráður bæði sem leikmaður nr. 3 og 11. Upplýst hefur verið í málinu að Jón Gunnar spilaði í treyju númer 3 en í treyju númer 11 spilaði leikmaður að nafni Jónas Grani Garðarsson, kt. 150373-5149.

Telur Stjarnan að með því að nota leikmanninn Jónas Grana Garðarsson í leiknum án þess að hans hafi verið getið á leikskýrslu hafi FH brotið gegn grein 2.3.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og að óumdeilt verði að telja að FH hafi því haft á að skipa ólöglegu liði í umræddum leik skv. grein 4.4 í sömu reglugerð, þar sem aðeins 10 af 11 leikmönnum í byrjunarliði félagsins voru á leikskýrslu.

Í álit dóms héraðsdóms Reykjaness segir : “Það er álit dómsins að þar sem að Jón Gunnar Gunnarsson lék umræddan leik sem aðalmaður nr. 3., þá leiði það til þess að hann getur ekki hafa leikið sem aðalmaður nr. 11 með liði sínu. Tvískráning nafns hans á leikskýrslu með ofangreindum hætti hefur því ekki þýðingu eins og mál þetta er vaxið. Á leikskýrsluna voru aðeins skráð nöfn 15 einstaklinga en ekki 16, eins og heimilt er. Mistök forráðamanna kærða að tvískrá nafn Jóns Gunnars Gunnarssonar sem aðalmanns á leikskýrslu verður ekki talið leiða til þess að lið kærða verði ólöglega skipað skv. grein 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.”

Umf. Stjarnan getur fallist á ofangreint álit dómsins, en telur hins vegar að það að nafn leikmannsins Jónasar Grana Garðarssonar var ekki skráð á leikskýrslu leiði til þess að lið FH hafi verið ólöglega skipað og því eigi að dæma Umf. Stjórnunni sigur í leiknum 0-3.

III. Lagarök

Vísað er til greinar 2.3.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Varðandi refsíákvæði er vísað til greinar 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þá er sérstaklega vísað til ákvörðunar UEFA varðandi leik Leifturs og Vorskla Poltava dags. 24.6.1998. Ákvörðun UEFA var sú að fyrst að Leiftur setti inn á völinn leikmann sem ekki var getið á leikskýrslu, þá skyldu úrslit leiksins verða 0-3 fyrir Vorskla Poltava.

IV. Framlögð skjöl

Lögð eru fram eftirtalin skjöl:

1. Áfrýjun þessi
2. Dómur knattspyrnudómstóls Reykjaness, dags. 6.9.1999
3. Skjöl nr, 1-6, lögð fram í knattspyrnudómstóli Reykjaness

V. Áskilnaður

Umf. Stjarnan áskilur sér rétt til að rökstyðja mál sitt frekar á síðari stigum málsins, gefi varnarástæður FH ástæðu til.

Virðingarfyllst,
f.h. Umf. Stjórnunnar,
Lárus L. Blöndal hrl.

Dómur dómstóls KSÍ

Í máli þessu liggur fyrir að nafn leikmannsins Jóns Gunnars Gunnarssonar var tvískráð á leikskýrslu en nafn Jónasar Grana Garðarssonar var þar ekki skráð. Leikskýrslan var vegna þessara mistaka ekki rétt fyllt út í samræmi við gr. 2.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Jafnframt liggur fyrir að Jónas Grani Garðarsson var hlutgengur til leiks með FH í umræddum leik og var ekki í leikbanni. Þátttaka Jónasar Grana í leiknum og mistök við útfyllingu leikskýrslunnar leiddu ekki til þess að lið FH hafi verið ólöglega skipað í leiknum. Með vísan til þessa eru ekki forsendur til þess að fallast á kröfu áfrýjanda um að dæma leikinn tapaðan fyrir FH skv. grein 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og er hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Jón Gunnar Zoëga
Gestur Jónsson
Guðmundur Jónsson